Skipulagsdeild Kópavogs
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogur 31.mars 2023.

Andmæli vegna aukahúss á **parhúsalóð** að Álfhólsvegi 17 og 17A

Þetta aukahús var reist í ágúst **2019** og hef ég mótmælt því síðan, með bréfum til byggingafulltrúa.Reyndar þurfti ég hjálp frá HMS til að fá svör frá honum, þegar hann hafði ekki svarað mér í 18 mánuði, en 12.10.2021 sendi hann mér afrit af bréfi til eigenda kofans, þar sem þau fengu frest til 13.12.2021 til að sækja um leyfi.
Eina sem þau gerðu var að segja leigjandanum upp en kofinn hafði verið í útleigu frá ágúst 2019. Eins er með bílskúrinn, hann hefur verið í útleigu frá sama tíma og er enn.

Ekki veit ég hvernig klósett og vatn var lagt í bæði húsin, allavega var enginn skurður grafinn fyrir þessar lagnir. En grasið á lóðarmörkum er allt í gráum skellum, hvort sem það er út af þessu eða ekki.

Mér var svo nóg boðið, þegar lögreglan bankaði upp á í byrjun árs 2022 vegna kvörtunar um kannabislykt frá húsinu. Hvort lögreglan fann eitthvað veit ég ekki, en allir 7-8 dýru bílarnir við húsið hurfu fljótlega eftir þessa heimsókn lögreglunnar.

Ég mótmæli því harðlega þessu aukahúsi á parhúsalóð húsanna Álfhólsvegur 17 og 17A, því þegar bæði bílskúrinn og kofinn eru í útleigu, þá er þetta orðið fjölbýlishús, en ekki parhús eins og lóðarleigusamningur minn hljóðar upp á.

Virðingarfyllst,
Sóley Þorvaldsdóttir
Álfhólsvegi 17.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026